

Fyrirspurn um aðgengi að byggingum í Fannborg á framkvæmdatíma

Undirritaðar óska sundurliðaðra upplýsinga fyrir hvern fasa fyrirhugaðrar uppbyggingar á miðbæjarsvæðinu um fjarlægðir í **metrum** frá bílastæði hreyfihamlaðra í Fannborg að aðalinngangi hvernar byggingar. Skýrt þarf að vera hvort fjarlægð frá bílastæðum hreyfihamlaðra uppfylli 25 metra skilyrðið sem fram kemur í grein 6.2.4 í byggingarreglugerð.

Ef lausnir byggjast á aðgangi að sameign íbúa á svæðinu eða notkun á lyftum í þeirra eigu er óskað staðfestingar á að samþykkis íbúanna hafi verið aflað. Liggi ekki fyrir samþykki er spurt hvaða leiðir aðrar séu til að fullnægja þeim skilyrðum, sem hreyfihamlaðir eiga rétt á að bæjarfélagið standi vörð um í fyrirhugaðri uppbyggingu.

Undirritaðar leggja áherslu á að gögn um aðgengi sýni með skýrum hætti lausnir sem hreyfihamlaðir geta treyst að búið sé að hugsa til enda í sérhverjum fasa áralangra framkvæmda sem áformaðar eru.

Bergljót Kristinsdóttir bæjarfulltrúi Samfylkingar
Helga Jónsdóttir bæjarfulltrúi Vina Kópavogs
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir bæjarfulltrúi Pírata
Theodóra Sigurlaug Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi Viðreisnar